



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026

Vegna veiðihúss í Ytri Hlíð



15. apríl 2021



YRKI ARKITEKTAR

Mýrargötu 26. 101 Reykjavík
Sími: 552 6629 . yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109 . www.yrki.is



1 Aðdragandi, tilgangur og markmið

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps leggur hér fram breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er lögð fram vegna hugmynda um veiðihús í landi Ytri Hlíðar.

Deiliskipulag fyrir veiðihúsið var auglýst samhliða þessari í breytingu á aðalskipulagi. Í deiliskipulaginu eru settar fram nánari útfærslur framkvæmda og stærðir mannvirkja.

Landeigendur Ytri Hlíðar kynntu hugmyndir sínar um nýtt veiðihús fyrir skipulags- og umhverfisnefnd vorið 2020. Nefndin fagnaði hugmyndunum en lagði til að unnin verði breyting á aðalskipulagi vegna umfangs fyrirhugaðra framkvæmda. Framkvæmdaraðili er Lómabing ehf. í umboði landeiganda.

Áður en hægt er að gefa út framkvæmdar- og byggingarleyfi vegna veiðihúss, þurfa hugmyndirnar að vera í samræmi við aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps. Um er að ræða nýja og umfangsmikla hugmynd sem er ekki í samræmi við aðalskipulag og því var ráðist í breytingu á því.

Samkvæmt erindi landeigenda er markmiðið með byggingu veiðihúss að styrkja frekar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og bæta samkeppnishæfni þess. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbyggingu í ferðaþjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði.



2 Breyting á aðalskipulagi

Til að hugmyndir um veiðihús í Ytri Hlíð séu í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er gerð breyting á sveitarfélagsuppdrætti. Þá er bætt við upplýsingum um húsið, nýjan vatnsbrunn og nýja námu í greinargerð.


2.1 Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti

Eftirfarandi breytingar á sveitarfélagsuppdrætti eru lagðar fram:

- Bætt er við punkti verslunar- og þjónustuvæðis á landi Ytri Hlíðar, VP4.
- Bætt er við vatnsverndarsvæði vegna nýs brunns fyrir neysluvatn: brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.
- Bætt er við punkti fyrir efnistökusvæði, E16.


Sjá mynd 2.1 fyrir yfirlistmynd af sveitarfélagsuppdrætti og hvar á uppdrættinum breytingarnar verða. Staðsetning breytinga er sýnd með gulum fleti og svörtum ramma.

Myndir 2.2 og 2.3 sýna breytingarnar sem verða á uppdrættinum.




Mynd 2.1 Yfirlistmynd af sveitarfélagsuppdrætti sem sýnir hvar breytingin nær til.






SKÝRINGAR:



Hæðarlínur:
Grunnkort dreifbýlis: 20m línur

Mynd 2.2 Hluti sveitarfélagsuppráttar fyrir breytingu. Mælikvarði 1:100.000.





SKÝRINGAR:

- | | | | |
|--|--|--|-----------------------------|
| | ÞÉTTBÝLI, AFMÖRKUN | | GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR |
| | SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR | | REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR |
| | SVÆÐI FYRIR VERSLUN & ÞJÓNUSTU | | FLUGVÖLLUR |
| | SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ
SKÁLAR / GANGNAMANNAKOFAR / VEIÐIHÚS | | SVEITARFÉLAGSMÖRK |
| | OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA | | JARÐGÖNG |
| | EFNISTÖKUSVÆÐI / EFNISLOSUN | | RAFVEITA - LOFTLÍNA |
| | NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI
SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ | | RAFVEITA - JARBLÍNA |
| | LANDBÚNAÐARSVÆÐI | | VATNSVEITA Í JÖRÐ |
| | ÓBYGGÐ SVÆÐI | | FRÍÐLÝSTAR FORNLEIFAR |
| | VÖTN, ÁR OG SJÓR | | |
| | STRANDSVÆÐI
SEM LPPFYLLIR UM HVERFISMÖRK FYR F ÚTIVISTARSVÆÐI,
SBR. FYLGISKJÁL 2 MEB REG.UGERÐ NR. 795/ 699 UM FRAVEITUR OG SKÖLP. | | |
| | VATNSVERNÐARSVÆÐI
-FJARSVÆÐI | | |
| | VATNSVERNÐARSVÆÐI
-GRANNSVÆÐI | | |
| | VATNSVERNÐARSVÆÐI
-BRUNNSVÆÐI | | |
| | STOFNVEGIR | | |
| | TENGIVEGIR | | |
| | AÐRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR | | |

SKÝRINGAR:

- S5 FLUGVÖLLUR
- S6 BJARNAREY - VITI
- E6 EFNISNÁMA - YTRI-NÝPUR
- E7 EFNISNÁMA - HVAMMSGERÐI
- E8 EFNISNÁMA - KRÖSSAVÍK

AÐRAR SKÝRINGAR,
EKKI TIL STAÐFESTINGAR:

- 1 HOFSKIRJA
- 2 KIRKJUGARÐUR
- 3 SUNDLAUG SELÁRDAL
- 4 BURSTARFELL MINJASAFN
- 5 SLYSAVARNARSKÝLI
- 6 VEIÐIHÚS HOFSARDAL
- 7 VEIÐIHÚS SELÁRDAL
- 8 SKÓGRÆKTARSVÆÐI
SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
- 9 SKÓGRÆKTARSVÆÐI-
AUSTURLANDSSKÓGAR

■ BÆIR / LÖGBÝLI
Hæðarlínur:
Grunnkort dreifbýlis: 20m línur

Mynd 2.3 Hluti sveitarfélagsuppdráttar eftir breytingu. Mælikvarði 1:100.000.





2.2 Viðbætur við greinargerð

2.2.1 Verslunar- og þjónustusvæði, VP4

Engin verslunar- og þjónustusvæði eru fyrir á sveitarfélagsuppdrætti. Vegna veiðihúss í Ytri Hlíð er bætt við umfjöllun um verslunar- og þjónustusvæði með auðkennið VP4:

Auðk.	Stærð (ha)	Heiti	Lýsing og sérskilmálar
VP4	4,0	Ytri Hlíð, veiðihús	Veiðihús í landi Ytri Hlíðar Gisti- og veitingaþjónusta með gistirými fyrir allt að 16 manns. Hámarksbyggingarmagn samtals 1.400 m ² . Hámarkshæð bygginga 8,0 m. Við hönnun á mannvirkjum skal leggja áherslu á að þær falli vel að umhverfi sínu. Nýta skal landhalla og landmótun til að draga úr breyttri ásýnd á landið. Við frágang á yfirborði skal ofanvatn leitt frá mannvirkjum með skurðum þannig að vatn safnist ekki við þau og komist leiðar sínar áfram niður hliðina. Við frágang á yfirborði skal ofanvatn leitt frá mannvirkjum með skurðum þannig að vatn safnist ekki við þau og komist leiðar sínar áfram niður hliðina. Notast skal við staðargróður eins og hægt er. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

2.2.2 Efnistökusvæði, E16

Bætt er við umfjöllun um nýtt efnistökusvæði á aðalskipulagi, merkt E-16. Efnistökusvæðið er opnað vegna framkvæmda við nýjan veg og lóð undir veiðihús.

Á bls. 66 í greinargerð aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, kafla 3.2.10, er fjallað um efnistöku og efnislosun. Þar er að finna töflu með efnistöku og efnislosunarsvæðum í sveitarfélaginu, töflu 18.

Eftirfarandi tafla yrði viðbót við töflu 18 bls. 66 í greinargerð ásamt fyrri viðbótum:

Nr.	Stærð (ha)	Svæði	Lýsing og sérskilmálar svæða
E16	0,4	Náma í landi Ytri Hlíðar	Þurr malarbakki við tengiveg heim að Ytri Hlíð. Efnistökusvæði sem landeigendur hafa nýtt í litlu magni. Áætluð efnistaka nú allt að 10.000 m ³ vegna framkvæmda við fyrir veiðihús. Við frágang efnistökusvæðis skal huga að landmótun og landgræðslu svo sjónræn áhrif verði sem minnst og koma í veg fyrir fok. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

Í umsókn um framkvæmdarleyfi til efnistöku skal fylgja lýsing á framkvæmdinni með hliðsjón af skilmálum í skipulagi. Í gögnum þarf að gera grein fyrir landslagi fyrir efnistöku og að efnistöku lokinni, stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem sótt er leyfi fyrir, vinnslutíma og hvaða yfirborðsefni stendur til að nota til að hindra fok að lokinni efnistöku.





2.2.3 Vatnsverndarsvæði í Ytri Hlíð

Bætt er við umfjöllun og skilmálum fyrir nýtt vatnsverndarsvæði við Ytri Hlíð. Vatnsverndarsvæðið samanstendur af brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Nákvæm staðsetning brunnsvæðis liggur ekki fyrir og þar með grannsvæði. Á uppdrætti (sjá mynd 2.3 hér frammar) er brunnsvæði og grannsvæði sýnt í samræmi við fyrirhugað rannsóknarsvæði til vatnsborana. Miðað við skala uppdráttarins, 1:100.000, er staðsetning brunnsvæðis aldrei mjög nákvæm.

Fjarsvæði vatnsverndar breytist ekki þó endanleg staðsetning vatnsbrunnshlíðrist til svo lengi sem miðað sé við þegar ákveðið rannsóknarsvæði í deiliskipulagi. Sýna skal rannsóknarsvæðið á deiliskipulagsuppdrætti. Endanlegt brunnsvæði þarf að liggja fyrir í leyfisumsókn.

Á bls. 71 í greinargerð aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, kafla 3.2.14, er fjallað um vatnsverndarsvæði vatnsbóla í sveitarfélaginu. Eftir breytingu er kaflinn svohljóðandi (viðbót sýnd feitletruð):

3.2.14 Vatnsverndarsvæði vatnsbóla

Ofan bæanna Svínabakka og Hrísa í Svínabakkafjalli eru brunns-, grann-, og fjarsvæði sem eru á vatnsverndarsvæði. Einnig eru eldri vatnsverndarsvæði sem notuð eru til vara í landi Torfastaða, nærri landamerkjum Torfastaða og Ljósstaða en þar eru tvær borholur.

Vatnsverndarflokkarnir eru eftirfarandi:

- I. flokkur. Brunnsvæði.
- II. flokkur. Grannsvæði.
- III. flokkur. Fjarsvæði.

Þessi svæði eru vernduð samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. breytingu með reglugerð nr. 533/2001, vegna takmarkandi landnotkunar og nýtingu á þessum svæðum.

Gert er ráð fyrir göngu- og akstursleið upp í Svínabakkahlaup en akstursleiðin er til að þjónusta vatnsbólinu en með takmörkuðum aðgangi. Leitast verður við að sneiða framhjá grann- og brunnsvæði vatnsveitunnar. Brunnsvæðin eru girt af.

Í landi Ytri Hlíðar er brunns-, grann- og fjarsvæði vegna neysluvatnsbrunnns. Vatnsverndarsvæðið er allt innan landeignar Ytri Hlíðar. Staðsetning brunns og grannsvæðis á skipulagsuppdrætti eru áætluð út frá rannsóknarsvæði en endanleg staðsetning brunns liggur ekki fyrir. Í deiliskipulagi skal sýna afmörkun rannsóknarsvæðis en endanleg staðsetning brunns skal liggja fyrir í leyfisumsókn, samanber reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Brunnsvæði skal síðan girt gripa- og mannheldri girðingu, minnst 5 metra frá brunni/vatnsbóli.



3 Lýsing á framkvæmdum

Eftirfarandi lýsing á framkvæmdum byggja á upplýsingum úr kynningu sem unnin var af *Logg landfræði & ráðgjöf* og *Sniddu arkitektastofu* fyrir hönd landeigenda.


Unnið er að deiliskipulagi fyrir nýja lóð og aðkomu. Þar kemur fram nánari staðsetning lóðar, bygginga og vegar. Deiliskipulagið er auglýst samhliða þessari breytingu á aðalskipulagi.

Bygging nýs veiðihúss á nýjum stað felur í sér gerð nýrrar lóðar í landi Ytri Hlíðar, veglagningar að lóðinni ásamt veitulögnum og byggingu veiðihúss með veitinga- og gistiþjónustu.

Við hönnun og framkvæmdir verður áhersla lögð á að tryggja að mannvirki rýri sem minnst nærumhverfi sitt. Unnið verður með landhalla svo mannvirki falli vel að landslagi.

Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Frágangi á framkvæmdarsvæðinu verðu hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Land verður lagfært, í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf vegfláa að landinu í kring til að vegur verði sem minnst áberandi í landinu.

Sjá mynd 3.1 fyrir staðsetningu fyrirhugaðrar lóðar í landi Ytri Hlíðar.



Mynd 3.1 Skýringarmynd sem sýnir hvar fyrirhuguð lóð er staðsett. Jarðamörk Ytri Hlíðar (ónákvæm) sýnd með gulum útlínum en fyrirhuguð staðsetning lóðar sýnd með gulum reit með svörtum útlínum. Tillaga að vegi sýnd með hvítri línu.



3.1.1 Ný lóð

Til stendur að stofna nýja lóð, um 4 ha af stærð, í landi Ytri Hlíðar. Gengið er út frá því að lóðin verði staðsett um miðja hlíð Vesturárdalsháls. Sjá mynd 3.1 til skýringar.

3.1.2 Aðkoma og nýr vegur

Aðkoma að Ytri Hlíð er um þjóðveg nr. 85 og síðan um Vakursstaðaveg nr. 9127-01.

Leggja þarf veg að nýju lóðinni um 1,5 - 2,0 km leið. Lagt er upp með að hann fylgi landslagi hlíðarinnar þannig að sjónræn áhrif hans á landslag verði eins lítil og kostur er. Vegurinn mun ekki kalla á nýja tengingu við þjóðveg.

3.1.3 Veitulagnir

Þar sem um nýja lóð er að ræða þarf að huga að nýjum veitulögnum: rafmagni, neysluvatni og fráveitu.

Rafmagn: Gert er ráð fyrir að rafmagnsstrengur verði lagður í fyrirhuguðu vegstæði inn á svæðið.

Neysluvatn: Í skoðun er að virkja uppsprettu í næsta nágrenni við nýja lóð eða bora eftir vatni. Nýtt vatnsból yrði staðsett fyrir ofan nýjan veg að veiðihúsinu.

Fráveita: Rotþró verður innan lóðar og þess gætt að hún sé staðsett þannig að siturlögn frá henni sé komið fyrir svo að engin hætta sé á mengun vatns. Rotþróin verður þjónustuð samhliða rotþró við íbúðarhúsið á Ytri Hlíð, sem er tæmd eftir þörfum.

3.1.4 Veiðihús

Staðsetning veiðihúss er valin út frá útsýni yfir Vesturárdal og yfir á Krossavíkurfjöll og Smjörfjöll. Í húsinu verður veitinga- og gistiþjónusta með gistirými fyrir 16.

Hönnun á byggingum er ekki lokið en lagt er upp með að byggja nokkur hús sem eru tengd saman með tengigangi, auk stakstæðs bílskúrs og hlöðu/geymslu. Áætlað byggingarmagnið er um alls 1.400 m².

Stefnt er á að tryggja sem best útsýni úr íveruhúsum, það er svefnherbergjum, setustofu eða borðstofu.

3.1.5 Efnistaka

Vegna veglagningar og undirstaða bygginga er áætluð efnisþörf um 10.000 m³. Áætlað er að nýta litla námu í landi Ytri Hlíðar til að stytta efnisflutninga eins og kostur er. Náman er þurr malarbakki við tengiveg heim að Ytri Hlíð sem landeigendur hafa nýtt í litlu magni.



4 Staðhættir

4.1 Vesturárdalur

Inn úr Vopnafirði liggja þrjú dalir, Hofárdalur syðstur, þá Vesturárdalur og Selárdalur nyrstur. Dalirnir fá nöfn sín af ánum sem renna um þá.

Vesturárdalur liggur milli lágra hálsa, grösugur og búsaeldarlegur. Sunnan við dalinn liggur Hofsháls/Kolbeinsstaðatangi (Tanginn) sem teygir sig út í Vopnafjörð. Á Tanganum er þéttbýli Vopnafjarðar að finna. Norðausturvegur liggur sunnan megin í Vesturárdalnum að þéttbýlinu og er í dag helsta tenging sveitarfélagsins við þjóðveg 1.

4.1.1 Vesturdalsá

Vesturá, einnig þekkt sem Vesturdalsá, er fremur vatnslítill á með upptök í Arnarvatni. Þaðan rennur áin um 33 km leið til sjávar í Nýpslóni í Vopnafirði.

Í ánni er bæði að finna lax og bleikju. Viðamiklar rannsóknir hafa átt sér stað um árabíl á fiskistofnum árinna en hún er ein af viðmiðunarám Veiðimálastofnunnar. Laxgeng er hún 28 km að fossi í landi Hauksstaða. Meðalveiði árána 1974 til 2008 var 209 laxar.

4.1.2 Ytri Hlíð

Jörðin Ytri Hlíð er norðan megin í Vesturárdal og nær frá Selá í norðri og að Vesturdalsá í suðri. Lækir og gil sem liggja niður Vesturdalsháls mynda mörkin í austur og vestur.


Jörðin er um 1.327 ha (13,27 km²) af stærð og vel gróin. Hlíðar Vesturdalsháls sjást vel frá Norðausturvegi og sjá má skógi vaxin bæjarstæði íbúðarhúsanna, Ytri Hlíð I og II sem standa neðst við hlíðina.

4.2 Landnotkun og verndun






























Samkvæmt Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026 er land utan þéttbýlisins og undir 300 m yfir sjávarmáli skilgreint sem landbúnaðarland. Í Ytri Hlíð er mest allt land undir 300 m yfir sjávarmáli og því skilgreint sem landbúnaðarland. Smá undantekning frá því er efst á Vesturdalshálsinum sem telst vera óbyggt svæði og nær aðeins inn á land Ytri Hlíðar.

Sjá jarðamörk Ytri Hlíðar ofan á hluta af dreifbýlisuppdrætti Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 á mynd 4.1.

Engin verndarsvæði eru á svæðinu eða í næsta nágrenni. Engar náttúruminjar eru þekktar á svæðinu. Engar merktar gönguleiðir eða reiðstigar eru á svæðinu.



SKÝRINGAR:

	ÍBÚÐARSVÆÐI		BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRIRHUGUÐ LANDNOT		RAFVEITA, LOFTLÍNA
	MIDSVÆÐI		LANDBÚNADARSVÆÐI		RAFVEITA, JARDLÍNA
	ATHAFNASVÆÐI		VÖTN, ÁR OG SJÓR		FJARSKIPTI Í JÖRD
	ÍGNADARSVÆÐI		STRANDSVÆÐI SEM UPPEFYLIR UMMYRFRISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆÐI, SBR. FYLGISKJÁL 2 MED REGLUGERÐ NR. 798/1999 UM FRÁVEITUR O.K.		FRÁVEITA Í JÖRD
	HAFNARSVÆÐI		STRANDSVÆÐI Í FLOKKI B		YFIRFALL Í JÖRD
	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR		STOFNBRAUT		FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HÉTT A SKIPLAGSTÍMANUM
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI		TENGIBRAUT		ADALSTÍGUR
	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA		ADRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR		GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
	ÓBYGGÐ SVÆÐI		BYGGINGAR TIL NIÐURRIFIS		REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR
	SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ		VATNSVEITA Í JÖRD		

Mynd 4.1 Hluti af dreifbýlisupprætti úr Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Sýnd er afmörkun jarðar Ytri Hlíðar (ónákvæm) með gulum útlínum. Jarðamörk: Nyttjaland 2006.





4.3 Fornleifar

Vegna gerð deiliskipulags fór fram fornleifaskráning, unnin af Sagnabrunni, en samkvæmt henni fundust engar menningarminjar á svæðinu. Vitað er um óskráðar fornleifar í námund við húsin sem kallast nú Ytri Hlíð 2 og eru utan deiliskipulagssvæðisins. Þeim fornleifum er ekki talin ógn af fyrirhuguðum framkvæmdum. Skráning húsa og mannvirkja hefur ekki farið fram.


Ef í ljós koma áður óþekktar menningarminjar verða framkvæmdir stöðvaðar uns skriflegt leyfi frá Minjastofnun Íslands fæst um að halda megi framkvæmdum áfram, sbr. 24.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

4.4 Vistgerðir

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá nánar hér: <http://vistgerdakort.ni.is/>) einkennist gróðurfar á jörð Ytri Hlíðar af mólendi og er fjalldrapamóavist algengust. Aðrar vistgerðir á landi sem má þar finna eru:

- Fjalldrapamóavist
- Lyngmóavist á láglendi
- Runnamýravist á láglendi
- Tjarnastararflóavist
- Tún og akurlendi

Á mynd 4.2 má sjá votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Kortlagning miðast við mælikvarðann 1:25.000.




Mynd 4.2 Votlendissvæði í landi Ytri Hlíðar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sýnd með rauðum flákum. Jarðarmörk (ónákvæm) sýnd með gulum útlínum en fyrirhuguð lóð sýnd með gulum reit með svörtum útlínum. Jarðamörk: Nýttjaland 2006. Votlendissvæði: sérstök vernd NÍ, 1. útg.



4.5 Jarðfræði

Samkvæmt jarðfræðikortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er bergrunnur í Vopnafirði að mestu leiti blágrýti, eldra en 3,3 milljón ára, líkt og algengast er á Íslandi.



Mynd 4.3 Skjáskot úr jarðfræðikortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Sjá nánar í vefsíðunni, aðgengileg hér:

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/jardfraedikort>



5 Umhverfisáhrif og samræmi við aðrar áætlanir

Breytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Hér gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 í samræmi við hugmyndir um byggingu veiðihúss í landi Ytri Hlíðar. Vegna framkvæmda þarf að leggja nýjan veg, útbúa húsgrunna, bæta við vatnsbrunni og stækka litla námu í næsta nágrenni.

5.1 Samræmi við aðrar áætlanir

5.1.1 Landsskipulagsstefna

Samkvæmt 4. mgr. 10 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Nálgast má Landsskipulagsstefnu hér: <https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>

Markmiðið með byggingu nýs veiðishúss er að styrkja frekar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og bæta samkeppnishæfni þess. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbyggingu í ferðaþjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði.

Uppbygging nýs veiðishúss býður gestum og notendum þess upp á afþreyingu í einstöku umhverfi og aðstöðu. Staðsetning veiðihússins er valin með útsýni yfir ána og dalinn í huga. Þannig stendur til að búa til upplifun þar sem umhverfinu er gert hátt undir höfði.

Stefnt er að draga eins og unnt er úr umhverfisáhrifum uppbyggingarinnar með því að fella mannvirki að landslagi og nýta staðargróður til að loka yfirborði að loknum framkvæmdum.





5.1.2 Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026

Megin markmið aðalskipulagsins er að efla atvinnumál, umhverfismál og félags- og velferðarmál.

Breytingin er talin styðja við þetta megin markmið þar sem hún eykur framboð á afþreyingu með háu þjónustustigi. Auk þess er breytingin talin styrkja tekjustofna sveitarfélagsins til lengri tíma.

Ytri Hlíð er mest allt land skilgreint sem landbúnaðarland fyrir utan smá blett efst á Vesturdalshálsinum sem telst vera óbyggt svæði.

Í breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026, sem staðfest var 10. júní 2020 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. júní 2020, segir um landbúnað:

3.2.4 Landbúnaður

Landsvæðið utan þéttbýlisins á Vopnafirði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Mjög blómlegur landbúnaður er í sveitarfélaginu og er þar rekin öflug sauðfjárrækt.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á skilgreiningu á landbúnaðarsvæðum í sveitarfélaginu í tillögunni annarri en þeirri að stærstur hluti Kolbeinstanga verði hlíft fyrir ágangi búfjár og breytt í svæði til sérstakra nota. Einnig er jörðin Þorbrandsstaðir skilgreind sem svæði undir frístundabyggð.

Heimilt er að veita almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. ferðaþjónustu bænda, gistingu og tilheyrandi þjónustu. Nýta má þann húsakost sem fyrir er á viðkomandi býli fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum á mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Leyfilegt er að halda úti allt að 4 gistirými í hverju húsi á lögbýlum án frekari breytinga á aðalskipulagi.

Um samanlagðan heildarfjölda íbúðar- og frístundahúsa á lögbýlum gildir eftirfarandi:

	Lögbýli < 20 ha	Lögbýli 20 – 100 ha	Lögbýli > 100 ha.
Hámarks fjöldi	3	5	7

Nýbyggingar skulu nýta sömu heimreið og lögbýli, ekki skal fjölga tengingum við þjóðvegi. Leita þarf samþykkis Vegagerðarinnar fyrir nýjum tengingum við heimreiðar.

Vinna skal deiliskipulag ef fleiri en tvö hús eru lögð undir gistipjónustu eða aðra starfsemi sem tengist ferðaþjónustu.

Nokkrar reið- og gönguleiðir eru um landbúnaðarsvæði sveitarfélagsins og er lögð áhersla á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu.





Lögð verði áhersla á sjálfbæra þróun landsins þ.e.a.s. að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.

Skógræktarverkefni á bújörðum skal bera undir sveitarstjórn til samþykkis.

Það er markmið sveitarstjórnar að Vopnafjörður verði í fremstu röð landbúnaðarsvæða þar sem framþróun grundvallist á framsækni, samstöðu, þekkingu og frjórri búmenningu.

Til þess að svo verði er lagt til:

- að efla framboð fræðslu á sviði landbúnaðar, í samstarfi við stofnanir á því sviði
- að gert verði átak á sviði umhverfismála, með flokkun úrgangs, bótum í frárennismálum og hvatningu til lífrænna búskaparháttanna
- að aukin verði þátttaka bænda í skógræktarverkefni
- að leitað verði leiða til að halda og auka mjólkurkvóta á svæðinu, með aðstoð ráðgefandi stofnunar,
- að byggja upp þróunarstarf á sviði matvælaframleiðslu og efla fjölbreytileika í landbúnaði,
- að grænmetisræktun verði aukin, með stuðningi við framtak einstaklinga,
- að kannaðir verði möguleikar á ferskvatnseldi og veiðum og vinnslu vatnasilungs.

Sjá nánar 2.2.7.2

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps má finna hér:

<https://vopnafjardarhreppur.is/stjornsysla/skipulag/gildandi-skipulag>

Hugmyndir um rekstur veiðihúss með gisti- og veitingaþjónustu í Ytri Hlíð samræmast ekki nýtingu landbúnaðarlands og því er farið af stað með þessa breytingu.

Áður en leyfi til framkvæmda eru veitt þarf að óska eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að taka landbúnaðarland úr notkun. Ekki er um að ræða ræktunarland.





5.2 Mat á áhrifum

Matsvinna fór fram samhliða vinnu við tillögu á breytingu á aðalskipulagi svo bregðast mætti við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum. Leitast var við að draga úr neikvæðum áhrifum í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og til að stuðla að breytingin hafi eins jákvæð umhverfisáhrif og kostur er.

Horft er til mögulegra áhrifa breytinga á þá umhverfisþætti sem eru skilgreindir í kaflanum hér á eftir.

Notaðar eru fjórar vægiseinkunnir við matið:

+	Líkur á jákvæðum áhrifum
+/-	Áhrif talin óveruleg
-	Líkur á neikvæðum áhrifum
?	Óvissa um áhrif/áhrif háð útfærslu

Ef líkur eru á neikvæðum áhrifum eru þau skoðuð nánar og metið hvort þau teljist lítil, miðlungs (neikvæð) eða mikil (veruleg og neikvæð) út frá einkennum áhrifa (umfang/stærð/tími) og gildi umhverfisþáttar (mikilvægi/viðkvæmni).

Stigskipting áhrifa	Aðgerðir
Áhrif talin neikvæð en lítil	Áhrifin talin neikvæð en lítilsháttar. Ekkert frekar aðhafst.
Áhrif talin neikvæð	Leitað eftir útfærslum til að draga úr áhrifum og/eða mótvægisaðgerðum.
Áhrif talin verulega neikvæð	Áhrif veruleg. Skoða ætti fleiri valkosti sem hafa minni áhrif.

5.3 Umhverfisþættir og viðmið

Í matsvinnunni eru skoðuð möguleg áhrif á þá umhverfisþætti sem taldir eru upp í töflu 5.1. Horft verður til mögulegra áhrifa sem breytingin mun leiða af sér þ.e.a.s. áhrif vegna þeirra framkvæmda og breytingar á umhverfinu sem telja má líkleg í kjölfar gildistöku breytinga á aðalskipulagi.

Tafla 5.1. Þeir umhverfisþættir sem verða skoðaðir við umhverfismat skipulagsáætlunarinnar ásamt matsspurningum.

Umhverfisþáttur	Matsspurningar
Loftslag <ul style="list-style-type: none">Losun GHLBinding GHL	Mun breytingin leiða til áhrifa á magn gróðurhúsalofttegunda (GHL) í andrúmslofti? Mun breytingin draga úr náttúrulegri bindingu GHL?
Land <ul style="list-style-type: none">LandslagJarðvegur	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag? Mun breytingin fela í sér áhrif á grunnvatnsstöðu í jarðvegi?





Lífriki <ul style="list-style-type: none">• Gróður• Dýralíf• Búsvæði• Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar á yfirborði? Mun breytingin hafa áhrif á dýralíf og búsvæði (s.s. fuglalíf)? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?
Heilsa & öryggi <ul style="list-style-type: none">• Náttúruvá• Slysahætta• Mengun• Óþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á náttúruvá, slysahættu eða mengun á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
Samfélag <ul style="list-style-type: none">• Landnotkun• Efnahagur & atvinnulíf• Þjónusta við íbúa	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin hafa hagræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á veitukerfi í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og ósnortinni náttúru?
Fornleifar og minjar	Mun breytingin hafa áhrif á fornminjar?

Viðmið verða sett með tilliti til stefnuskjala Vopnafjarðarhrepps ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Viðmið verða einkum sótt í:

- Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands

5.4 Áhrifaþættir og valkostir

Breytingin leyfir vega- og lagnaframkvæmdir, jarðvegsskipti og landmótun fyrir mannvirkjagerð, byggingu allt að 1.400 m² veiðihúss. Þessar framkvæmdir fara allar meira en minna fram í áður óröskuðu landi.

Borin eru saman áhrif þess að heimildir sem eru leyfðar í breytingu á aðalskipulagi verði fullnýttar við óbreytt ástand (núllkost).

Skoðað er hvort mögulegt er að útfæra framkvæmdir þannig að draga megi úr neikvæðum áhrifum.



5.5 Umhverfismat vegna veiðihúss í Ytri Hlíð

5.5.1 Áhrif á loftslag

Loftslag <ul style="list-style-type: none">• Losun GHL• Binding GHL	Mun breytingin leiða til áhrifa á magn gróðurhúsalofttegunda (GHL) í andrúmslofti? Mun breytingin draga úr náttúrulegri bindingu GHL?
---	--

Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru á svæðinu votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd á svæðinu. Nákvæmni kortsins miðast við mælikvarða 1:25.000¹.

Veglagning, landmótun og jarðvegsskipti lóðar mun skerða þessi votlendissvæði. Það mun leiða til þess að það kolefni sem bundið er í jörðu á svæðinu mun losna út í andrúmsloftið. Ekki er unnt að meta nánar áhrifin þar sem óljóst er hve mikið votlendi skerðist eða hve mikið kolefni það hefur bundið. Hversu mikil eða varanleg áhrifin eru er óþekkt vegna skorts á rannsóknum og nákvæmari gögnum. Áhrif breytinga á losun gróðurhúsalofttegunda eru metin neikvæð.

Við rask vegna framkvæmda mun yfirborð gróðurþekju skerðast og minnka. Þannig mun breytingin draga úr getu gróðurs til að binda gróðurhúsalofttegundir. Hve mikið er óljóst þar sem ólíkar tegundir gróðurs er að finna á svæðinu. Þó má leiða líkum að því að skerðingin verði lítil til lengri tíma ef staðargróður nær að loka sárum eftir að framkvæmdum líkur. Settir verða skilmálar um frágang í kringum mannvirki með staðargróðri til að draga enn frekar úr áhrifum.

Vegna framkvæmda stendur til að nýta námu á jörðinni sem landeigendur hafa nýtt eigin þágu. Að framkvæmdum loknum verður gengið frá námunni og yfirborðinu er lokað með gróðursetningu.

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á bindingu gróðurhúsalofttegunda. Líklegast verður stærri yfirborðsflötur lokaður með gróðri að loknum framkvæmdum og frágangi en er í dag.

Áhrif breytingarnar á loftslag er metin óveruleg með mótvægisáðgerðum en eitthvað af votlendi mun skerðast við framkvæmdir.

Settir eru skilmálar um að græða skuli raskað gróðurlendi og notast skuli við staðargróður við frágang kringum mannvirki.

5.5.2 Áhrif á land

Land <ul style="list-style-type: none">• Landslag• Jarðvegur	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag? Mun breytingin fela í sér áhrif á grunnvatnsstöðu í jarðvegi?
--	---

Breytingin mun heimila byggingu húsabyrpingar í miðri hlíð, ofar en önnur mannvirki standa í dag. Þetta mun breyta ásýnd lands í Vesturárdal, sérstaklega séð frá norðausturvegi sem er aðal aðkomuvegurinn í sveitarfélagið í dag. Húsin munu þó

¹ <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>



ekki stinga algjörlega úr stúf þar sem íbúðarhús og útihús Ytri Hlíðar II og Ytri Hlíðar I raða sér upp í hlíðina skammt frá.

Til stendur að láta mannvirki falla vel að landi sem mun draga úr áhrifum. Engu að síður verður veiðihúsið áberandi mannvirki sem mun taka á móti þeim sem aka norðausturveg.

Líklegt er að nýr aðkomuvegur að veiðihúsinu sjáist í hlíðinni. Hægt er að draga úr þeim áhrifum með hæðarsetningu vegarins og góðum frágangi. Skilmálar um frágang á vegi og vali á vegstæði eru settir til að draga úr áhrifum.

Áhrifin eru metin óveruleg með skilmálum um að fella skuli mannvirki og annað rask á landi að umhverfi sínu og loka yfirborði með staðargróðri.

Veglagning, landmótun og jarðvegsskipti getur haft áhrif á grunnvatn á svæðinu. Vegur mun liggja upp í miðja hlíðina og svo meðfram hlíðinni að nýrri lóð. Gæta þarf að vatn safnist ekki ofan við veg og komist leiðar sínar áfram niður hlíðina. Með því að miðla ofanvatni af vegi, húspökum og plönnum áfram út í jarðvegin má draga verulega úr áhrifum mannvirkja á grunnvatnsstöðu. Miðað við umfang framkvæmda verður að teljast ólíklegt að framkvæmdir munu hafa áhrif á grunnvatnsstöðu á svæðinu.

Áhrif á grunnvatnsstöðu og jarðveg eru talin óveruleg.

Áhrif breytingar á land er metin óveruleg.

5.5.3 Áhrif á lífríki

Lífríki <ul style="list-style-type: none">• Gróður• Dýralíf• Búsvæði• Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar á yfirborði? Mun breytingin hafa áhrif á dýralíf og búsvæði (s.s. fuglalíf)? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?
--	--

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist gróðurfar Ytri Hlíðar af eftirfarandi vistgerðum:

- Fjalldrapamóavist - miðlungs verndargildi
- Lyngmóavist á láglendi – miðlungs verndargildi
- Runnamýravist á láglendi – hátt verndargildi
- Tjarnastararflóavist – hátt verndargildi

Ljóst er að gróður á yfirborði í hlíðinni mun skerðast við framkvæmdir. Veglagning og húsa grunnar munu leiða til minni gróðurþekju á svæðinu en er í dag. Áhrifin eru metin neikvæð þar sem gróðurþekja í hlíðinni minnkar.

Áhrif breytingarinnar á dýralíf kann einkum að verða á fugla en engar staðbundnar upplýsingar um fuglalíf er að finna fyrir svæðið. Engar vísbendingar eru um að þarna sé um mikilvægt fuglasvæði að ræða. Áhrif breytinganna á dýralíf eru metin óviss.

Breytingin mun leiða til rasks á votlendi. Umfang áhrifanna er óljóst þar sem óvissa ríkir um hversu mikið votlendi mun raskast og hve mikið. Leitað verður leiða til að



halda raski votlendis í lágmarki. Settir eru skilmálar um frágang á yfirborði svo ofanvatn verði leitt frá mannvirkjum með skurðum þannig að vatns safnist ekki við þau og komist leiðar sínar áfram niður hlíðina. Þá skal notast við staðargróður eins og hægt er.

Heilt yfir eru áhrif framkvæmda á lífríki metin neikvæð en umfang er óljóst. Settir eru skilmálar um ofanvatn og notkun staðargróðurs til að draga úr áhrifum.

5.5.4 Áhrif á heilsu og öryggi

Heilsa & öryggi <ul style="list-style-type: none">Óþægindi	Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
---	---

Breytingin mun leiða að sér framkvæmdir og byggingu mannvirkja á landbúnaðarlandi þar sem eina aðkoma að landinu er um sameiginlegan tengiveg sem nokkur lögbýli deila. Óþægindi kunna einkum að verða á framkvæmdatíma vegna umferðar þungra vinnuvéla. Aukin umferð mun auka rykmengun frá veginum sem er malarvegur. Að framkvæmdum loknum mun umferð um veginn aukast þar sem við bætist nýtt húsnaði þar sem gestagangur og umferð starfsfólks verður viðbót við þá umferð sem fyrir er. Leiða má líkum á því að sú viðbótar umferð verður sama eðlis og almenn umferð sem er til staðar í dag ólíkleg til að raska ró þeirra sem búa á svæðinu.

Áhrifin eru metin óveruleg.

5.5.5 Áhrif á samfélag

Samfélag <ul style="list-style-type: none">LandnotkunEfnahagur & atvinnulíf	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin hafa hagræn áhrif?
---	--

Breytingin felur í sér að breyta landnotkun, hluti landbúnaðarlands er færður undir verslun og þjónustustarfsemi. Leita þarf samþykkis landbúnaðarráðherra þegar breyta á landnotkun á landbúnaðarsvæði samanber 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Landið sem fer undir veg og veiðihús er ekki tún eða akurlendi. Ekki er landið nýtt að öðru leiti í dag. Engar merktar göngu-, hjóla- eða reiðleiðir eru á svæðinu. Áhrifin á landnotkun eru metin óveruleg.

Markmið breytingarinnar er að styðja við ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og bæta samkeppnishæfni þess. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbyggingu í ferðaþjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði. Breytingin mun auka framboð gistirýma í sveitarfélaginu. Einnig mun breytingin leiða til þess að tekjustofnar sveitarfélagsins styrkjast.

Framkvæmdir munu leiða til fjölgunar starfa til skemmri tíma og rekstur hússins mun að öllum líkum leiða til fjölgunar starfa til lengri tíma vegna reksturs. Umfang er háð rekstrarfyrirkomulagi. Er breytingin talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.





5.5.6 Áhrif á fornleifar og minjar

Fornleifar og minjar	Mun breytingin hafa áhrif á fornminjar?
----------------------	---

Samkvæmt fornleifaskráningu, sem unnin var vegna fyrirhugaðra framkvæmda, er engar menningarminjar á svæðinu. Skráning húsa og mannvirkja hefur ekki farið fram. Vitað er um heimildir sem benda til eldri fornleifa í landi Ytri Hlíðar en líklegast eru þær utan fyrirhugaðra framkvæmda. Engu að síður verður gætt þess að

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á fornleifar og minjar.

5.5.7 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Breytingin á aðalskipulagi er talin hafa óveruleg áhrif á loftslag, land, heilsu og öryggi, fornleifar og minjar.

Áhrifin á lífríki eru metin neikvæð vegna röskunar á votlendi. Umfang áhrifa á votlendi eru óljós. Settir eru skilmálar um ofanvatn og notkun staðargróðurs til að draga úr áhrifum.

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún mun leiða til aukins framboðs gistirýma í sveitarfélaginu, fjölga störfum og styrkja tekjustofna.

Tafla 5.2 Samantekt umhverfismats.

Umhverfispáttur	Áhrif
Loftslag	+/-
Land	+/-
Lífríki	-
Heilsa og öryggi	+/-
Samfélag	+
Fornleifar og minjar	+/-



6 Málsmeðferð – hvenær getur þú komið að málum?

Málsmeðferð verður samkvæmt 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Hægt er að hafa áhrif á vinnu við tillöguna með því að senda inn athugasemdir og/eða ábendingar. Þrjár vörður í ferlinu marka tækifæri til að hafa áhrif: **lýsing**, **tillaga í vinnslu** og **auglýsing breytingartillögu**.

Allir, sem þess óska, geta komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu **með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps** á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Hafnargata 4, 710 Seyðisfirði.

Athugið athugasemdarfrest sem auglýstur er á heimasíðu sveitarfélagsins, www.vopnafjardarhreppur.is

6.1 Umsagnaraðilar

Auk Skipulagsstofnunar var breytingartillaga send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST),
- Minjastofnun Íslands,
- Náttúrustofnun Íslands,
- Náttúrustofu Austurlands,
- Svæðisskipulagsnefnd Austurlands,
- Umhverfisstofnun,
- Vegagerðin.

6.2 Kynning lýsingar

Skipulags- og matslýsing var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin var samtímis auglýst og gerð aðgengileg á vef Vopnafjarðarhreppar, www.vopnafjardarhreppur.is, þar sem óskað var eftir ábendingum og athugasemdum innan þriggja vikna frá birtingu.

Umsagnir bárust frá HAUST, Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun.

Eigandi á Vakursstöðum 1 og 3, aðliggjandi jarðar til austurs, gerði athugasemdir við lýsinguna og fyrirhugaða framkvæmdir.

Umsagnir og athugasemdir við lýsingu voru hafðar til hliðsjónar við vinnslu breytingartillögu á aðalskipulagi sem og tillögu að deiliskipulagi fyrir Ytri Hlíð.



6.3 Kynning tillögu í vinnslu

Kynning vinnslutillögu fyrir breytingu á aðalskipulagi og vinnslutillögu fyrir nýtt deiliskipulag í Ytri-Hlíð hófst með því að tillögurnar voru gerðar aðgengileg á vef Vopnafjarðarhreppar, www.vopnafjardarhreppur.is, þar sem óskað var eftir ábendingum og athugasemdum innan þriggja vikna frá birtingu. Samtímis var vinnslutillagan send til umsagnaraðila.

Haldið var opið hús í Miklagarði þann 2. desember 2020. Þar voru kynningum ráðgjafa var streymt. Að kynningum loknum voru upptökur af þeim settar á vef sveitarfélagsins.

Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og HAUST. Einnig bárust athugasemdir frá eiganda á Vakursstöðum 1 og 3.

Múlaþing og Veðurstofa Íslands gerðu ekki athugasemdir við skipulagsáætlanirnar. HAUST, NÍ og Minjastofnun Íslands gera ekki athugasemdir við tillögurnar en komu með góðar ábendingar.

Umsagnir og athugasemdir voru hafðar til hliðsjónar við frekari vinnslu tillagna.

6.4 Auglýsing tillögu og breytingar að loknum auglýsingatíma

Breytingartillaga á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulagi voru auglýst frá 18. febrúar með athugasemdafrest til 2. apríl 2021. Gögnin voru aðgengileg á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15 á Vopnafirði og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík á sama tíma.

Athugasemdir bárust frá eiganda Vakurstaða 1 og 3 sem leiddu ekki til frekari breytinga á tillögu. Orðalag var lagfært án efnislegra breytinga.



6.5 Tímalína og samráðsáætlun



GILDISTAKA
BREYTINGA

7 Heimildir

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð
(<https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan/>).

Náttúruminjaskrá:

(<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>)

Veida.is (e.d.). *Vesturdalsá*. Sótt á <https://veida.is/veidisvaedi/vesturdalsa/>





Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi fékk málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 36. gr.
Skipulagslaga nr. 123/2010.. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í

_____ Vopnafjarðarhrepps þann

_____ .

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

_____ .
